

Sláturfélag Suðurlands svf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2024  
UST202404-133/R.S.  
08.11.01

### **Efni: Bráðabirgðaheimild - Sláturfélag Suðurlands svf.**

Vísað er til erindis Sláturfélags Suðurlands svf. til Umhverfisstofnunar, dags. 10.04.2024, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild til reksturs sláturhúss að Fosnesi, Selfossi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í erindinu að óskað sé eftir bráðabirgðaheimild til að hægt sé að halda áfram starfsemi á meðan starfsleyfi er í vinnslu.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að veita Sláturfélagi Suðurlands svf., kt. 600269-2089 bráðabirgðaheimild vegna reksturs sláturhúss og brennsluofns að Fosnesi, Selfossi. Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 25. maí 2025.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Sláturfélagi Suðurlands ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Rekstraraðili skal áfram fylgja ákvæðum starfsleyfis sem gefið var út 25. maí 2011 og er auglýst með bráðabirgðaheimild þessari.
3. Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að

andvirði 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem byggð er áhættumati sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004. Viðbragðsáætlunin skal vera tiltæk starfsfólki og aðgengileg eftirlitsaðila.
5. Rekstraraðili skal hafa til staðar áætlun til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi.
6. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit með starfseminni skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi öðlast gildi þann 25. maí 2024 og gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 25. maí 2025. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsætningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir  
**forstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**